



269. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 19. maí 2011 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Berglind Axelsdóttir, BA, varaforseti bæjarstjórnar
Davíð Sveinsson, DS
Egill Egilsson, EE
Gretar D. Pálsson, GDP
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS
Guðlaug J. Ágústsdóttir, GJÁ
Helga Guðmundsdóttir, HG, varamaður
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS
Guðmundur Andrésson, fundarritari

Varaforseti bæjarstjórnar, Berglind Axelsdóttir setti fund og stýrði.

1. Fundargerðir bæjarráðs.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 474, dags. 12.05.2011.

Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 09.05.2011 (139. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 1 Smiðjustígur 2, breyting á útliti og notkun hússins.

Pálmi Ólafsson sækir um f.h. Ásklifs ehf. að breyta geymsluhúsnæði í íbúðarhúsnæði og að endurnýja glugga og hurðir og setja kvist á vesturhlið þess, sbr. teikningar frá Verkfræðistofu Þráins og Benedikts/ Brynjari Daníelssyni, dags. janúar 2011.

Lagt er til að erindi verði samþykkt að uppfylltum skilyrðum frá Eldvarnareftirliti Stykkishólms sökum nálægðar við Austurgötu 3.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 2 Hesthúsabyggð, deiliskipulagstillaga.

Lögð fram deiliskipulagstillaga af hesthúsasvæði Hesteigendafélagsins Fákaborgar í Stykkishólmi teiknað af Glámu Kím /Bæring Bjarnar Jónssyni dags. 10.01.2011. Tillagan var í auglýsingu samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir bárust frá Gretari D. Pálssyni dags. 21.02.2011, Birni Sverrissyni dags. 24.02.2011, Magndísi Alexandersdóttur dags. 01.03.2011, Þórði A. Þórðarsyni dags. 04.03.2011, Guðmundi Kristinssyni og Birnu Sævarsdóttur dags. 06.03.2011, Guðmundi Kolbeini Björnssyni dags.



11.03.2011, Einari Þór Strand dags. 11.03.2011 og Róberti W. Jørgensen dags. 08.03.2011. Lögð fram samantekt á athugasemdum ásamt umsögn skipulags- og byggingafulltrúa dags. 9. maí 2011.
Nefndin leggur til að deiliskipulagstillagan verði samþykkt ásamt umsögn dags. 9.05.2011. Ásgeir Gunnar og Guðmundur eru á móti.

Tillaga Gretars.

Undirritaður leggur til að ákvörðun um staðfestingu deiliskipulags hesthúsabyggðar verði frestað og gerður verði samanburður á staðsetningu reiðskemmu samkvæmt tillögu undirritaðs annars vegar og deiliskipulagstillögu hins vegar með því að kostnaðarmeta jarðvinnu hvorrar tillögu fyrir sig.

Greinagerð:

Í umsögnum um athugasemdir níu aðila við deiliskipulagstillöguna segir :“ Tillagan gerir ráð fyrir byggingareit fyrir reiðskemmu á tiltölulega flötu svæði sem staðsett (er) við hliðina á skeiðvelli svæðisins. Staðsetning á skemmuni þar, mun nýtast hesteigendum vel og er aðkoman að svæðinu hin ákjósanlegasta. Að staðsetja skemmu austan við hesthúsabyggðina, nær þjóðvegi, eins og margar athugasemdir fjalla um, kallar á miklar jarðvegsframkvæmdir og fyllingar vegna mishæðar í landi. Aðkoman að skemmuni yrði ekki eins og best verður á kosið og húsið meira úr tengslum við hesthúsahverfið og skeiðvöllinn“ Einnig leggur nefndin til: „Að gólfkóti reiðskemmu lækki niður fyrir landhæð um 0,5m.“

Í þessari umsögn er nefndin með fullyrðingar sem ekki eru studdar gögnum enda ekki verið gerð könnun sem stutt getur umsögnina. Lækkun gólfkóta um 0,5m eykur kostnað jarðvinnu vegna mögulegrar fleygunar og sprenginga og hefur því áhrif á þennan samanburð. Aðkoma að skemmu skv. tillögu minni sunnan við hesthúsabyggðina yrði síst verri og tengsl við hesthúsabyggð engu minni og fjarlægð frá skeiðvelli er óveruleg. Undirritaður telur þrýsting á samþykkt deiliskipulagstillögu vegna hugsanlegs kostnaðarmunar jarðvinnu undir reiðskemmu vera óeðlilegan og ekki byggðan á rökum né neinum framlögðum gögnum. Auk þess tel ég að það sé hvorki Hesteigendafélaginu né Stykkishólmsbæ til sóma að hreykja skemmu að þeirri stærð sem reiðskemman er á hæstu hæðir þegar aðrir kostir eru í stöðunni.

Gretar D. Pálsson

Tillaga Gretars samþykkt.

Bókun:

Vegna efasemda ónafngreindra aðila eftir 474. bæjarráðsfund um hæfi mitt til að fjalla um deiliskipulagstillögu hesthúsasvæðis á grundvelli formlegra almennra athugasemda er ég sendi inn til Skipulags- og byggingarnefndar, óska ég eftir að bæjarstjórn skeri úr um hæfi mitt til umfjöllunar og afgreiðslu framlagðrar deiliskipulagstillögu.

Gretar D. Pálsson



**Borin var upp tillaga um hæfi Gretars.
Bæjarstjórn úrskurðar samhljóða að Gretar D. Pálsson sé hæfur að fjalla um og afgreiða þennan dagskrárlið.**

Gretar kaus að víkja af fundi og Hjörleifur K. Hjörleifsson tók sæti hans.

Afgreiðsla bæjarráðs var síðan felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Íris lagði fram eftirfarandi tillögu:

Undirrituð leggja til í ljósi ætlaðs vanhæfis Guðmundar Kristinssonar til umfjöllunar og afgreiðslu á lið 2 á 139. fundi Skipulags- og byggingarnefndar frá 09. maí 2011 og vegna ætlaðs vanhæfis Gretars D. Pálssonar til umfjöllunar og afgreiðslu á sama lið bæjarráðsfundi nr. 474 þann 12. maí 2011, verði málinu vísað að nýju til umfjöllunar í Skipulags- og byggingarnefnd og síðan bæjarráði.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Guðlaug Ágústsdóttir

Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson

Tillagan var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Umræður urðu síðan og tóku allir til máls.

Tillaga Davíðs um að samþykkja deiliskipulagstillöguna var síðan samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Eftirfarandi bókun fulltrúa L-listans var lögð fram:

Með afgreiðslu deiliskipulags fyrir hesthúsasvæði vonumst við til að hestamenn nýti sér þá uppsveiflu sem er í félagi þeirra og vandi sig í öllu sínu starfi.

Berglind Axelsdóttir

Davíð Sveinsson

Egill Egilsson

Helga Guðmundsdóttir

Hjörleifur vék síðan af fundi og Gretar tók sæti sitt aftur.

Liður 3 Hesteigendafélag Stykkishólms, drög að reglum um hesthús og hesthúsahverfi í Stykkishólmi.

Lagt fram að nýju endurskoðuð útgáfa að drögum um hesthús og umgengni á hesthúsasvæðinu Fákaborg, Stykkishólmsbæ dags. 28.04.2011, ásamt umsögn frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 6.maí 2011.

Nefndin leggur til að drög að samþykkt um hesthús og umgengni á hesthúsasvæðinu verði samþykkt með áorðnum breytingum nefndarinnar dags 9.05.2011.



Samþykkt að vísa reglum til umsagnar í umhverfisnefnd.

Til máls tóku GS, GDP, DS.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 4 Reiðvegur/göngustígur.

Lagt fram bréf frá Hesteigendafélagi Stykkishólms /Ásgeiri Ásgeirssyni formanni um leyfi til að taka í notkun gamlan vegarslóða sem liggur sitt hvorum megin við núverandi þjóðveg við Hamraenda sbr. bréf dags.14.04.'11. Umsögn frá Vegagerðinni/Auðunni Hálfðanarsyni dags. 04.05.'11 liggur fyrir.

Nefndin leggst gegn erindinu þar sem slóði er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Hesteigendafélagi Stykkishólms er bent á að sækja um breytingar á deiliskipulagi og aðalskipulagi, vegna framkvæmda.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 5 Þinghúshöfði, deiliskipulagstillaga.

Þinghúshöfði, deiliskipulagstillaga.

Lögð fram að nýju tillaga af deiliskipulagi við Þinghúshöfða sem unnin var af Landlínunum dags. 19.03. 2010. Deiliskipulagstillagan var í auglýsingu samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, frá 21. apríl til 3. júní 2010.

Athugasemdir hafa verið lagðar fram ásamt umsög skipulags- og bygginganefndar dags. 16.08.2010. Fornleifaskráning hefur farið fram af svæðinu.

Bæjarstjórn samþykkir deiliskipulag af Þinghúshöfða, skipulagsupprátt greinargerð og umsögn skipulags- og bygginganefndar ásamt eftirfarandi breytingum.

- a) Bókhúsdustígur 19, Vatnasafnið . Möguleg stækkun á byggingunni er felld út. Tillaga um bílastæði austan megin við safnið er einnig felld út.
- b) Skólastígur 4a. Horfið frá að byggja á lóðinni og verður svæðið í stað þess opið grænt svæði með einu bílastæði við götu.
- c) Höfðagata 7. Leyfð er inndregin millibygging, milli íbúðarhúss og bílskúrs.
- d) Skólastígur 6. Viðbyggingarmöguleiki verður færður yfir á vesturhlið hússins, í stað suðurhliðar.
- e) Skólastígur 10. Viðbygging við hús á vesturhlið og bílgeymslu á lóð.
- f) Bókhúsdustígur 7. Samþykkt hefur verið í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 breyting á byggingarreit og mænisstefnu húss með niðurrifi á einnar hæðar húsi í nýbyggingu á einni hæð með risþaki og kvistglugga.
- g) Bókhúsdustígur 9. Gangstétt meðfram norðurhlið lóðarinnar verði felld út og lóðarstærð endurskoðuð. Möguleiki á hækkun á hluta af skúrbyggingu .



- Byggingareitur fyrir bílskúr á lóð.
- h) Ennfremur var samþykkt að skoða aðkomu fyrir bíla í neyðartilvikum um Bröttugötu, að lóðum við Skólastíg nr. 4 og 6, í tengslum við endurbætur á stíg.
 - i) Breyting á skilmálatexta skipulagstillögunnar. Í staðinn fyrir: "Eitt af einkennum byggðarinnar eru hrein þakform án kvista. Þessu yfirbragði skal haldið og er því ekki heimilt að vera með kvisti á þökum". Kemur: "Eitt af einkennum eldri húsa sem byggð eru fyrir 1918 eru hrein þakform án kvista. Ekki er heimilt að byggja kvisti á þökum við endurgerð þeirra.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tóku BA,GDP, GS, DS.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Liður 6 Aðalgata 3 Narfeyrarstofa, staðsetning á gámi.

Guðbrandur G. Garðarsson sækir um f.h. Narfeyrarstofu að færa kæligám að húsinu og lyfta honum upp í sömu hæð og megingólfhæð hússins er, sbr. bréf dags. 29.04.11.

Nefndin leggur til að veita stöðuleyfi til eins árs að uppfylltum skilyrðum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Til máls tók DS.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 Ásklif 16, breytingar á þakgluggum.

Þór Örn Jónsson sækir um að endurnýja og breyta lítillaga þremur þakgluggum á þaki hússins við Ásklif nr. 16. Framkvæmdin verður gerð í tengslum við endurnýjun á þakklæðningu, sbr. bréf dags. 4.05.11.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 8 umsókn um staðsetningu á skilti við Apóteksbrunn.

F.h. Stykkishólmsbæjar er sótt um að setja upp 60x60 sm. skilti sem mun nánast hvíla ofan á hleðsluvegg við brunnstæði austan við gamla Apótekið við Hafnargötu. Á skiltinu kemur fram að Stykkishólmsbæ var veitt Skipulagsverðlaunin árið 2008 af Skipulagsfræðingafélagi Íslands fyrir stefnu og framfylgd á deiliskipulagi miðbæjar með framsýni og skilning á menningarsögulegum og fagurfræðilegum verðmætum á landsvísu.

Erindi samþykkt.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 10 stæði fyrir stóra bíla í bænum.

Lagt er til að bráðabirgðastæði fyrir stóra bíla verði a) við hafnarvog b) vestan við Lionshús c) á svæði milli nr. 9b og 13 við Nesveg.

Samþykkt að skoða þessar ábendingar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Undirrituð taka undir ábendingar Ásgeir Gunnars Jónssonar í lið 13.b í 139. fundargerð Skipulags- og bygginganefndar frá 09.05.2011. Mjög brýnt er að bæjaryfirvöld viðhafi góða stjórnslu og sýni gott fordæmi í skipulags- og byggingamálum.

Greтар D. Pálsson

Guðlaug Ágústsdóttir

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Til máls tóku DS, GDP, GS.

Fundargerðin skipulags- og byggingarnefndar samþykkt.

Liður 2 fundargerð atvinnuálanefndar, dags. 03.05.2011 (77. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Bæjarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga vegna erindis Eflingar um samstarfverkefni og starfsmann til að sinna verkefnum.

Efling stefnir á að ráða manneskju í 6 mánuði í 70% starf markaðs- og upplýsingafulltrúa í samstarfi við Vinnuálastofnun. Lagt er til að Stykkishólmsbær leggi 50% mótframlag vegna launa á móti Eflingu eftir að dregið hefur verið frá mótframlag Vinnuálastofnunar.

Til máls tóku síðan GDP, DS

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Liður 5 fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 19.04.2011 (2. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt. Samþykkt að senda fundargerð til Skóla- og félagsþjónustu Snæfellinga.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 7 fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 15.03.2011 (79.



fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt. Kostnaður við Norðurljósahátíðina var kr.1.010.077 og tekjur kr. 638.190, framlag Stykkishólmsbæjar var kr.371.887.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

Liður 33 drög að reglum um útleigu ípróttamiðstöðvar.

Almennar umræður urðu og tóku allir til máls. Reglurnar síðan samþykktar með áorðnum breytingum.

Liður 34 bréf björgunarsveitarinnar Berserkja dags. 09.05.2011 varðandi umsókn um styrk vegna kaupa á björgunarbáti.

Samþykkt að veita styrk kr. 400.000

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 35 bréf Hesteigendafélags Stykkishólms dags. 28.04.2011 varðandi ósk um yfirtöku Stykkishólmsbæjar á fráveitu við hesthús.

Samþykkt að Stykkishólmsbær yfirtaki fráveitu við hesthúshverfið, Gretar situr hjá þar sem hann telur að meta ætti fráveitukerfið og viðhaldþörf þess áður en ákvörðun er tekin.

Eftirfarandi var lagt fram.

Undirrituð lýsa undrun á að Lárus Á Hannesson sem réttilega sá vanhæfi sitt undir liðum 1.2, 1.3 og 1.4 á fundi bæjarráðs nr. 474 og kallaði inn varamann í sinn stað, skyldi ekki telja sig vanhæfan á sömu forsendum undir liðum 35 og 36 á sama fundi bæjarráðs og taka þátt í atkvæðagreiðslum þeirra þrátt fyrir ábendingu Gretars um mögulegt vanhæfi.

Undirrituð fara fram á að bærstjórn skeri úr um hæfi Lárúsar til umfjöllunar og afgreiðslu á liðum 35 og 36 skv. framansögðu.

Gretar D. Pálsson

Guðlaug Ágústsdóttir

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Til máls tóku síðan DS, GDP

Bærstjórn úrskurðar samhljóða að Lárus Á. Hannesson sé vanhæfur að fjalla um og afgreiða þessa dagskrárliði.

Undirrituð leggja til að lið 35 og 36 í fundargerð bæjarráðs nr. 474 verði vísað til endurupptöku í bæjarráði vegna ætlaðs vanhæfis Lárúsar Á Hannessonar til umfjöllunar og afgreiðslu á þeim liðum.

Gretar D. Pálsson

Guðlaug Ágústsdóttir



Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Samþykkt samhljóða.

Liður 36 bréf Hesteigendafélags Stykkishólms dags. 28.04.2011 varðandi ósk um styrk vegna fasteignagjalda í Fákaborg.

Samþykkt að veita Hesteigendafélagi Stykkishólms styrk að upphæð kr.40.930
Sjá afgreiðslu í lið 35.

Liður 37 bréf nefndar um málefni fatlaðra, dags. 19.04.2011 varðandi húsnæði.

Samþykkt að vísa bréfinu til umsagnar hjá Félags-og skólaþjónustu Snæfellsness. Samþykkt að fela skipulags-og byggingafulltrúa að meta möguleika á lagfærinu búningsaðstöðu fyrir fatlaða í sundlaug.

Til máls tók GDP.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 38 bréf Ísaks Hilmarssonar, dags. 04.05.2011, varðandi styrk vegna stærðfræðiráðstefnu.

Samþykkt að veita Ísak Hilmarssyni 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 39 bréf stjórnar Körfuknattleiksdeildar Snæfells (meistaraflokka), dags. apríl 2011 varðandi umsókn um leyfi til skemmtunar í Íþróttamiðstöð Stykkishólms, dagana 12. og 13. ágúst 2011.

Samþykkt að heimila stjórn Körfuknattleiksdeildar Snæfells (meistaraflokka) að vera með skemmtun í íþróttamiðstöð dagana 12. og 13. ágúst 2011.

Til máls tók Gretar. Davíð og Egill sátu hjá vegna tengsla.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt að uppfylltum skilyrðum.

Liður 40. bréf Hildar B. Kjartansdóttur, dags. apríl 2011 varðandi ósk um stuðning vegna ferðar til Svíþjóðar með landsliði 18 ára og yngri kvenna í körfubolta.

Samþykkt að veita Hildi B. Kjartansdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 41. bréf Berglindar Gunnarsdóttur, dags. apríl 2011 varðandi ósk um stuðning vegna ferðar til Svíþjóðar með landsliði 18 ára og yngri kvenna í körfubolta.

Samþykkt að veita Berglindi Gunnarsdóttur 20.000 kr. styrk.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 42. bréf Mattíasar Þorgrímssonar f.h. hljómsveitarinnar Draugabana, dags. 05.01.2011 varðandi umsókn um afnot af íþróttahúsi.



Erindinu hafnað, þar sem Körfuknattleiksdeildir Snæfells (meistaraflokka) sótti fyrir um Íþróttamiðstöðina þessa helgi.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt. Davíð, Egill og Guðlaug sátu hjá vegna tengsla.

Liður 43. bréf Dönsku daga nefndar, dags. 29.04.2011 varðandi styrk vegna danskra daga, tjaldsvæðis o.fl.

Til máls tóku GS, GDP

Bæjarstjórn samþykkir að veita styrk samkvæmt fjárhagsáætlun allt að 700 þúsund krónum, þar með talið vinnuframlag Áhaldahúss.

Liður 44. bréf dönsku daga nefndarinnar dags. 10.05.2011 varðandi tjaldsvæði á dönskum dögum.

Til máls tóku GS, BA, GDP, ÍHS.

Bæjarstjórn samþykkir að hlutur bæjarins af tekjum tjaldsvæðis

Dönskudaghelgarinnar renni til Dönskudaganefndar samkvæmt sérstökum samningi.

Liður 45. tillaga að hækkun gjaldskrár vinnuskóla 2011.

Vinnuskólinn

Sláttur og hirðing á grasi.

Gjaldskrá 2011

Öll verð eru með 25,5% virðisaukaskatti.

Fastagjald:

1. Flokkur	Litlar lóðir (raðhús)	kr. 5.148
2. Flokkur	Stærri lóðir allt að 1.000 m ² heildarlóð (einbýlishús)	kr. 6.925
3. Flokkur	Erfiðar lóðir allt að 1.000 m ² heildarlóð (einbýlishús)	kr. 10.296

(Mikill halli eða illa hirtar lóðir t.d. Slegnar einu sinni á sumri)

Stærri lóðir en 1.000 m² eru háðar tímagjaldi sem er 2.415 á klst., en þó aldrei lægri en sem nemur fastagjaldi.

Innifalið er sláttur og hirðing á grasi.

Hver lóð er ekki slegin oftar en þrisvar sinnum á sumri.



Elli og örorkulífeyrisþegar fá 75% afslátt af gjaldskrá.

Ef fullfrískur einstaklingur, 16 ára eða eldri, býr á heimilinu er tekið fullt gjald.

Fastagjald:

1. Flokkur með afslætti	kr. 1.287
2. Flokkur með afslætti	kr. 1.731
3. Flokkur með afslætti	kr. 2.574

Innifalið er sláttur og hirðing á grasi.

Engin takmörk eru á tíðni sláttar fyrir elli- og örorkulífeyrisþega.

Gjaldskrá samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 46. Tillaga LÁH og BA vegna vinabæjaheimsókna.

Við undirrituð leggjum til þá breytingu að makar bæjarfulltrúa greiði sjálfir þann kostnað sem fellur til vegna vinabæjaheimsókna bæjarstjóra og bæjarfulltrúa.

Greinargerð: Stykkishólmur hefur um nokkurt skeið átt í samskiptum við vinabæi á Norðurlöndum. Vinabæirnir eru Kolding í Danmörku, Drammen í Noregi, Örebro í Svíþjóð og Lappenranta í Finnlandi. Annað hvert ár býður eitt af sveitarfélögunum hinum vinabæjunum til sín.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Gretar leggur til að vísa tillögu frá vegna formgalla.

Frávísunartillaga felld með tveimur atkvæðum gegn einu.

Við undirrituð leggjum til breytingartillögu við áður framlagða tillögu okkar, að Stykkishólmsbær greiði engan kostnað sem fellur til vegna maka bæjarfulltrúa og bæjarstjóra vegna vinabæjarheimsókna.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Breytingatillaga samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.

Bókun vegna tillögu um vinabæjarheimsókn.

Undirritaður greiðir atkvæði gegn tillögunni, ekki síst vegna þess að ég tel hana sýndarmennsku til þess eins að slá ryki í augun á þeim sem gagnrýna vinabæjarsamstarfið og vegna þess að ég tel að með samþykkt hennar sé verið að stíga fyrsta skrefið til að leggja þetta samstarf niður.

Í greinargerð tillöguflytjenda kemur ekkert fram um tilgang eða tilefni tillögunnar.



Gretar D. Pálsson

Allir tóku til máls.

Afgreiðsla bæjarráðs var felld með fjórum atkvæðum gegn tveimur. Egill sat hjá.

Samningar/tilboð

Liður 47. samningur: Mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Vesturlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu.

Samningur framlagður og samþykktur.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Annað

Liður 49. tillaga Lárusar og Berglindar að farið verði í tiltekt og umhverfisátaki við Ögursafleggjara.

Tillaga samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 51. nefnd um framkvæmd tillagna frá atvinnumálafundi Skjaldar.

Gretar D. Pálsson formaður, Davíð Sveinsson og Heiðrún Höskuldsdóttir eru tilnefnd.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð bæjarráðs samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 09.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.2. Fundargerð atvinnumálanefndar, dags. 03.05.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.3. Fundargerð skólanefndar, dags. 27.04.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4. Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 19.04.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5. Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra, dags. 19.04.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.6. Fundargerð þjónustuhóps aldraðra, dags. 14.04.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.7. Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 15.03.2011.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.



Fundargerðir nefnda samþykktar.

3. Önnur mál.

3.1. Tölvupóstur Sýslumanns Snæfellinga, dags. 27.04.2011 varðandi umsögn um leyfi 2Iceland til að reka gististað að Skólástíg 8 í Stykkishólmi.

Allir tóku til máls.

Bæjarstjórn gerir ekki athugasemdir að uppfylltum skilyrðum.

4. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2010, síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 748,3 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A- bæjarsjóð og B- hluta stofnanir og fyrirtæki, en þar af námu rekstrartekjur A-hluta þ.e. bæjarsjóðs 687,3 millj. kr.

Rekstrargjöld A og B hluta námu 821,7 millj. Þar af námu rekstrargjöld A-hluta bæjarsjóðs 758,5 millj. að meðtöldum hækkunum vegna lífeyrisskuldbindinga starfsfólks. Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs var neikvæð um 71,2 millj. samkvæmt ársreikningi en neikvæð um 73,5 millj. kr. í samanteknum ársreikningi A og B hluta. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2010 nam, eftir að lífeyrisskuldbindingar höfðu verið dregnar frá, 882,5 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé bæjarsjóðs 1.051,3 millj. kr.

Rekstarafkoma samantekins ársreiknings A og B hluta er neikvæð um 73,5 millj. kr. Meginástæður fyrir þessu eru:

Rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs A-hluti var neikvæð um 71,2 millj. Helstu ástæður þessarar rekstrarniðurstöðu má rekja til hækkunar launakostnaðar miðað við fjárhagsáætlun. Einnig urðu tekjur bæjarsjóðs umtalsvert minni miðað við fjárhagsáætlun. Tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hafa dregist mikið saman eftir efnahagshrunið haustið 2008.

Það sem er jákvætt við rekstur bæjarsjóðs A og B hluta er að Hafnarsjóður var rekinn með 6,5 millj. kr. hagnaði, sem er mikill viðsnúningur miðað við tap s.l. ár. Auk þess var 0,6 millj.kr. hagnaður Fráveitu á árinu, en það var 27,1 milljón kr. tap á henni á árinu 2009.

Fjárfestingar voru 45,8 milljónir króna og vegur fjárfesting í Grunnskóla viðbygging og eldhúsaðstaða í Íþróttamiðstöð þyngst.

Ársreikningur Stykkishólmsbæjar og undirfyrirtækja var síðan samþykktur samhljóða.

Bæjarfulltrúar árituðu síðan ársreikninginn.



**Til máls tóku GDP, GS, DS, ÍHS.
Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða.
Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri árituðu síðan ársreikninginn.**

Eftirfarandi bókun var lögð fram:

Undirrituð lýsa áhyggjum sínum vegna niðurstöðu ársreikninga Stykkishólmsbæjar árið 2010. Kostnaður er 26 milljónir krónur umfram áætlun og 41 milljón króna hærrí en árið 2009. Alvarlegt er að rekstrarniðurstaða bæjarsjóðs fyrir fjármagnsliði er tap upp á 3,7 milljónir, en var hagnaður upp á 31,4 milljónir árið 2009. Handbært fé frá rekstri fer úr 9,93% af tekjum árið 2009 í 4,74% árið 2010 þar sem tekjur eru nær óbreyttar á milli ára. Í milliuppgjöri fyrstu 6 mánaða ársins 2010 kemur fram að hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði er 27,5 milljónir. Því er ljóst að kostnaður síðari hluta árs hefur farið úr böndum.

Bæjarstjórn, starfsmenn bæjarskrifstofu og forstöðumenn stofnana þurfa að taka höndum saman að nýju og ná tökum á hækkandi kostnaði.

Gretar D. Pálsson

Guðlaug Ágústsdóttir

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir

Til máls tóku GDP, ÍHS, DS.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:10

Guðmundur Andrésón